

## GJALDSKRÁ

**vegna sorphirðu í Akureyrarkaupstað.**

1. gr.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (urðunar- og sorphreinsigjald) í lögsagnarumdæmi Akureyrarkaupstaðar.

2. gr.

Sorphreinsunargjald vegna íbúðarhúsnæðis verði kr. 12.650.  
Gjaldið er innheimt með fasteignagjöldum.

3. gr.

Gjaldflokkar vegna förgunar frá fyrirtækjum verði þrír:

	kr. pr. kg án vsk.
a) Almennur úrgangur óflokkaður	5,30
b) Slátur- og fiskiúrgangur	7,20
c) Timbur	3,50

4. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar 11. desember 2007. Gjaldskráin er sett með tilvísun til heimildar í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000 og ákvæða 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvanir, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

5. gr.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi.

Gjaldskrá nr. 49/2007 fellur úr gildi frá sama tíma.

Skv. 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000 hefur Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra samþykkt ofangreinda gjaldskrá 16. janúar 2008.

*Akureyri, 17. janúar 2008.*

**Inga Þóll Þorgnýsdóttir** bæjarlögmaður.

B-deild – Útgáfud.: 31. janúar 2008